

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir vindrafstöðvar á Hafinu, athafnasvæði Landsvirkjunar norðan Búrfells.

Í deiliskipulaginu felst afmörkun tveggja byggingarreita fyrir vindrafstöðvar sem reisa á í rannsóknarskyni. Masturshæð er 55 m og þvermál hverfils er 44 m. Uppsett afl þessara tveggja rafstöðva er samanlagt 1,9 MW. Jafnframt er gert ráð fyrir plönnum fyrir vinnusvæði og lítilli spennistöð og þaðan mun liggja rafstrengur að núverandi rafstreng við Þjórsárdalsveg. Aðkoma er frá Þjórsárdalsvegi nr. 32.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. september 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. október 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.